

Reykjavík, 01.02.2021  
ÍLS/Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skuggasund 1  
101 Reykjavík**Efni: Athugasemdir vegna áforma um frumvarp til laga um breytingar á lögum um loftslagsmál (markmið um kolefnishlutleysi)**

Vísað er til tilkynningar sem birt var í samráðsgátt stjórnarráðsins, dags. 18. janúar 2021, vegna áforma um frumvarp til breytinga á loftslagslögum þar sem markmið ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040 verði lögfest.

Orkuveita Reykjavíkur (OR) og dótturfélög fagna því skrefi sem stjórnvöld hyggjast stíga vegna vinnu við mótun frumvarps um framangreint. Ástæða er til að huga sérstaklega að aðgerðaráætlun stjórnvalda og fjármögnun þeirra aðgerða sem styðja eiga við kolefnishlutleysi því án fjármagns (frá ríki, atvinnulífi, fjárfestum o.fl.) er lítil innistæða fyrir markmiðinu.

Þá er mikilvægt að huga að samspili nýsköpunar við markmið um kolefnishlutleysi því ljóst er að flestir hlutar samfélagsins og atvinnulífsins munu þurfa að taka breytingum eigi framangreint markmið að nást. OR telur að gera þurfi öllum hagaðilum hærra undir höfði í hagsmunaaðilagreiningu þegar kemur að því að leggja mat á hvar breytinga sé þörf og hverra.

OR þakkar fyrir tækifærið að fá að gera athugasemdir við áformaskjalið. Verði eftir því óskað er OR reiðubúin að gera frekari grein fyrir athugasemdum sínum sem og svara öllum þeim spurningum sem upp kunna að vakna vegna þeirra.

Virðingarfyllt,

Íris Lind Sæmundsdóttir  
LögmaðurHólmfríður Sigurðardóttir  
Umhverfisstjóri OR